

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 2021

Þann 29. apríl 2021 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, á fjórðu hæð Borgartúns 33 í Reykjavík, auk þess sem fundinum er streymt á Teams. Fundurinn hófst með því að Þórunna Jónsdóttir, formaður stjórnar félagsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hún stakk upp á að Bragi Gunnarsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Bragi tók við fundarstjórn og lagði til að Klara Hrönn Sigurðardóttir yrði kjörin fundarritari. Það var samþykkt. Lögmæti fundarins var kannað, en mætt er fyrir 100% hluta í félaginu og fara Hreiðar Bjarnason og Þorsteinn Stefánsson með þau atkvæði f.h. Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og Bláma fjárfestingafélags ehf. Til fundarins var boðað með lögmætum hætti og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem fyrir fundinum liggja.

Fundarstjóri fór stuttlega yfir dagskrá félagsins sem er í samræmi við samþykktir félagsins og var síðan gengið til afgreiðslu dagskrármála.

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári

Þórunna Jónsdóttir formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar. Hún stiklaði á stóru yfir viðburði ársins 2020. Kom fram í máli hennar að þrátt fyrir að Covid 19 heimsfaraldurinn hefði sett mark sitt á samfélagið í heild og þá einkum ferðapjónustu þá hefði rekstur Landsbréfa og sjóða í rekstri Landsbréfa almennt gengið afar vel. Félagið hefði virkjað viðbúnaðaráætlun sína í upphafi faraldursins og hefði það sýnt sig að félagið hefði verið vel undir það búið að takast á við rekstur í heimsfaraldri. Stór hluti starfsmennar hefði um langt skeið verið rekinn heima hjá starfsmönnum og hefði það gengið vel. Fram kom í máli hennar að þrátt fyrir sveiflur þá hefði ávöxtun á eignamörkuðum verið ágæt á árinu. Vextir hefðu verið í sögulegu lágmarki og fjármagn hefði því leitað í þær vörur sem gáfu hærri ávöxtun en gafst til að mynda á innlánsreikningum. Formaður gat sérstaklega um að þær efnahagsaðgerðir sem stjórnvöld hefðu gripið til hefðu skilað góðum árangri miðað við aðstæður. Hún fór yfir rekstur Landsbréfa á árinu. Fram kom að á miðju ári tóku Landsbréf við stórum eignastýringarverkefnum frá Landsbankanum og hefðu með þeim verkefnum þrír starfsmenn flust frá Landsbankanum til Landsbréfa. Gera hefði þurft nokkrar breytingar á húsnaði félagsins til að tryggja aðskilnað eignastýringar og sjóðastýringar og sagði formaður þær hafa tekist vel og almennt væri óhætt að fullyrða að flutningur þessara verkefna hafi heppnast í alla staði mjög vel og reynst farsælt skref bæði fyrir Landsbankann og Landsbréf.

Hún fór yfir helst niðurstöðutölur af rekstri félagsins. Fram kom að hreinar rekstrartekjur á árinu 2020 námu samtals 2.181 milljón króna samanborið við 1.683 milljónir króna árið 2019. Hagnaður ársins eftir skatta nam 768 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 489 milljónir króna árið 2019. Eigið fé Landsbréfa hf. hefði í árslok numið 5.059 milljónir króna samkvæmt efnahagsreikningi, samanborið við 4.291 milljónir króna árið áður. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 91,47% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum.

Hún greindi frá því að stjórn legði til að 500 milljónir króna arður yrði greiddur til hluthafa, og hagnaði ársins yrði að öðru leyti ráðstafað til hækkunar á eigin fé. Fram kom að á síðasta ári hefði ekki verið greiddur arður en félagið hefur töluverða arðgreiðslugetu. Greindi formaður frá því að stjórn teldi vel til greina koma að boða til aukahluthafafundar síðar á árinu og gera þá tillögu um aukaarðgreiðslu. Það myndi ráðast af því hvernig framvinda verður á slitum á

framtakssjóðnum Horn II, en Landsbréf eiga um 2 milljarða kröfu á þann sjóð vegna árangurstengdar þóknunar sem mun koma til greiðslu við slit sjóðsins.

Formaður sagði að í lok árs hefðu 20 starfsmenn verið hjá félaginu og fjöldi ársverka hefði verið 19 á árinu. Eignir í sjóðastýringu hjá félaginu voru í árslok alls um 210 milljarðar króna samanborið við 180 milljarða árið áður og því til viðbótar voru svo eignir í stýringu samkvæmt eignastýringarsamningum 195 milljarðar króna. Hún fór yfir helstu niðurstöður aðalfundar á árinu 2020.

Í niðurlagi ræðu sinnar þakkaði formaður meðstjórnendum sínum fyrir ánægjulegt samstarf innan stjórnarinnar, sem og Helga Þór Arasyni framkvæmdastjóra og öðru starfsfólki Landsbréfa fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið.

2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar

Klara Hrönn Sigurðardóttir, rekstrarstjóri Landsbréfa, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins. Hún fór yfir helstu liði rekstrar- og efnahagsreiknings.

Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið.

Ársreikningur félagsins var tekinn fyrir og hann samþykktur með öllum atkvæðum hluthafa.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu um greiðslu arðs frá stjórn félagsins. Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur Landsbréfa samþykkir að greiða 500 milljónir króna í arð til hluthafa, eða sem nemur um 65% af hagnaði ársins 2020“.

Enginn kvaddi sér hljóðs um þessa tillögu og var hún tekin fyrir og samþykkt með öllum atkvæðum hluthafa.

4. Kjör stjórnar félagsins

Í stjórn Landsbréfa eiga sæti fimm aðalmenn og tveir varamenn. Frá Eignarhaldsfélagi Landsbankans ehf. hefur borist tillaga um að eftirtaldir aðilar verði kjörnir til stjórnar og varastjórnar:

Þóranna Jónsdóttir, í framboði til stjórnarformanns
Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, í framboði sem meðstjórnandi
Haraldur Flosi Tryggvason, í framboði sem meðstjórnandi
Magnús Magnússon, í framboði sem meðstjórnandi
Signý Sif Sigurðardóttir, í framboði sem meðstjórnandi

Í framboði sem varastjórnarmenn eru:

Erna Eiríksdóttir
Guðjón Valgeir Ragnarsson

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og engir aðrir í framboði og var því sjálfkjörlið í stjórnina og voru framangreindir lýstir rétt kjörnir í stjórn félagsins.

5. Kjör endurskoðunarfélags

Stjórn Landsbréfa leggur til að PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið. Tillagan var tekin fyrir og PricewaterhouseCoopers ehf. lýst rétt kjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa.

6. Starfskjarastefna félagsins

Lagt er til að fyrirliggjandi starfskjarastefna félagsins yrði samþykkt, en stefnan var meðal fundargagna, en hún er óbreytt frá fyrra ári. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var framlögð starfskjarastefna samþykkt.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Svofelld tillaga um þóknun til stjórnarmanna liggur fyrir:

„Greiðsla til stjórnarmanna Landsbréfa hf. fyrir setu í stjórn skal vera 245.000 kr. á mánuði og mánaðarleg greiðsla til stjórnarformanns skal vera tvöföld sú fjárhæð. Varamenn skulu fá 60.000 kr. fyrir hvern fund sem þeir sitja vegna forfalla aðalmanna, en þó skal árleg greiðsla til þeirra ekki vera lægri en 120.000 kr. Varaformaður stjórnar skal fá 61.000 kr. fyrir hvern fund sem hann stýrir. Fyrir setu í undirnefndum stjórnar skal greidd föst árleg greiðsla til nefndarmanna, sem skal vera 220.000 kr. fyrir setu í endurskoðunarnefnd og 110.000 kr. fyrir setu í starfskjaranefnd og skulu 55.000 kr. greiddar aukalega til formanna undirnefnda stjórnar.“

Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlið og var tillagan tekin fyrir og samþykkt.

8. Breytingar á samþykktum

Stjórn gerir svohljóðandi tillögu um breytingu á samþykktum félagsins.

„2. gr. samþykta félagsins orðist svo:

Tilgangur félagsins er rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og annarra sérhæfðra sjóða, eignastýring og önnur starfsemi sem fellur undir starfsleyfi félagsins, fjárfestingar og lánastarfsemi innan þess ramma sem lög leyfa.“

Fram kom að í núverandi samþykktum væri lagatilvísun úrelt og væri ástæðulaust að tiltaka sérstakt lagaheiti, enda gætu lög breyst frá einum tíma til annars. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan samþykkt.

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins. Hreiðar Bjarnason, forsvarsmaður Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og framkvæmdastjóri Fjármála hjá Landsbankanum kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og hrósaði starfsfólki og stjórn Landsbréfa fyrir góðan árangur.

Aðrir tóku ekki til máls. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að hann og fundarritari fengju að ganga frá fundargerð og að senda nauðsynlegar tilkynningar til fyrirtækjaskrár. Það var samþykkt.

Þannig farið fram. Fundi slitið kl. 16.30.

Bragi Gunnarsson, fundarstjóri

Klara Hrönn Sigurðardóttir, fundarritari